

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 256/2018

frá 5. desember 2018

### um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1800 frá 29. júní 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 151/2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1073 frá 1. júlí 2016 um jafngildi milli tilnefndra samningsmarkaða í Bandaríkjunum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2270 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli samþykktra kauphalla í Singapúr í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2271 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli kauphalla fyrir fjármálagerninga og kauphalla fyrir hrávöru í Japan í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2272 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli fjármálamarkaða í Ástralíu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2273 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli viðurkenndra kauphalla í Kanada í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 <sup>(6)</sup>.
- 7) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 259, 7.10.2017, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 178, 2.7. 2016, bls. 24.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 342, 16.12. 2016, bls. 42.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 45.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 48.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 51.

## TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 31bcai (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2042):

„31bcaj. **32016 D 1073**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1073 frá 1. júlí 2016 um jafngildi milli tilnefndra samningsmarkaða í Bandaríkjunum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 178, 2.7.2016, bls. 24).

31bcak. **32016 D 2270**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2270 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli samþykkttra kauphalla í Singapúr í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 42).

31bcal. **32016 D 2271**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2271 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli kauphalla fyrir fjármálagerninga og kauphalla fyrir hrávöru í Japan í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 45).

31bcam. **32016 D 2272**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2272 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli fjármálamarkaða í Ástralíu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 48).

31bcan. **32016 D 2273**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2273 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli viðurkenndra kauphalla í Kanada í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 51).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 31bch (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 151/2013):

„, breytt með:

– **32017 R 1800**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1800 frá 29. júní 2017 (Stjtið. ESB L 259, 7.10.2017, bls. 14).“

### 2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/1800 og framkvæmdarákvarðana (ESB) 2016/1073, (ESB) 2016/2270, (ESB)

2016/2271, (ESB) 2016/2272 og (ESB) 2016/2273 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Oda Helen Sletnes***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.